

Sp.

241. Fyrirspurnir.

[144. mál]

I. Til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um þjóðleikhús.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að láta endurskoða lög nr. 86 frá 5. júní 1947, um þjóðleikhús, með tilliti til fenginnar reynslu?

II. Til ríkisstjórnarinnar um fiskiðnskóla.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Er þess að vænta, að ríkisstjórnin setji á stofn fiskiðnskóla?
2. Ef svo er, hvert yrði fyrirkomulag hans og hvar yrði honum valinn staður?

III. Til ríkisstjórnarinnar um álit háskólanefndar.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til meginstefnu þeirrar um nám í Háskóla Íslands, sem fram kemur í álitum háskólanefndar, útgefnu í september 1969?
2. Ef svo er ekki, er þess þá að vænta, að afstaða verði tekin svo tímanlega, að hún geti haft áhrif á fjárveitingar til háskólans á fjárlögum fyrir árið 1971?